

Reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Reykjaneshæjar

1. gr.

Við birtingu á fundargerðum á vef Reykjaneshæjar skulu jafnframt gerð aðgengileg þau gögn sem varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða lögð voru fram á viðkomandi fundi.

2. gr.

Gæta skal þess að birta ekki gögn sem undanþegin eru samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012. Um getur verið að ræða:

1. Gögn er varða tillöguggerð eða viðræður við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins.
2. Gögn er tengjast dómsmáli eða athugun á því hvort slík mál skulu höfðuð.
3. Gögn um málefni starfsmanna.
4. Vinnugögn vegna undirbúnings ákvörðunar í málum.
5. Gögn er varða einka- eða fjárhagsmólefni einstaklinga og lögaðila.
6. Gögn er varða mikilvæga almannahagsmuni.

3. gr.

Heimilt er að veita ríkari aðgang að gögnum en mælt er fyrir í 2. gr. en ávallt skal þess gætt að birta ekki gögn sem falla undir lagareglur um þagnarskyldu og persónuvernd.

4. gr.

Ákvörðun um birtingu gagna með fundargerð skal vera á ábyrgð sviðsstjóra / hafnarstjóra á fundargerðum frá ráðum og nefndum Reykjaneshæjar sem falla undir þeirra svið eða stofnun. Ef álitamál er um birtingu gagna með fundargerð skal bæjarstjóri skera úr um hvort viðkomandi gögn séu undanþegin upplýsingalögum.

5. gr.

Í þeim tilvikum sem óskað er eftir gögnum er varða tiltekið mál sem ekki hafa verið lögð fram á fundi eða fylgt fundarboði skal beiðni um slíkt berast í gegnum mittreykjanes.is á notendasvæði beiðanda.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Reglur voru samþykktar í bæjarráði 26. apríl 2019 og í bæjarstjórn 7. maí 2019.